

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Mýrdalshrepps. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir.....	sorphirðugjald	kr.	7.035
B) Sumarhús	”	”	3.517
C) Fyrirtæki			
Flokkur 1	”	”	7.035
” 2	”	”	14.070
” 3	”	”	21.105
” 4	”	”	28.140
” 5	”	”	35.175

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni og umfangi úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 24. október 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.